

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og
Kópavogssvæðis

Garðaborg 5 • Posthóll 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigdisftirlit.is • hkk@heilbrigdisftirlit.is

Umhverfisstofnun
Áb. 51 AB3 ABG

17. maí 2016

08.09.01

Tilv. UST201510-022

Umhverfisstofnun
Suðurlandbraut 24
108 Reykjavík

00.75 GHE, PS Garðabæ 10. maí 2016

Umsögn um drög að starfsleyfi fyrir Málningu hf. að Dalvegi 18, Kópavogi.

Umhverfisstofnun hefur auglýst til umsagnar drög að starfsleyfi fyrir verksmiðju Málningar hf. að Dalvegi 24 í Kópavogi. Frestur til athugasemda er til 12. maí 2016. Áformuðu starfsleyfi er ætlað að gilda fram á árið 2032.

Málningarverksmiðja Málningar hf. er við Dalveg sem er mikil umferðargata í fjölsóttu verslunar- og þjónustusvæði. Svæði þar sem fjöldi manns starfar eða á sín erindi. Fráveita á svæðinu er aðgreind. Skolpi er veitt í frárennsliskerfi sveitarfélagsins. Safnlögnin liggur niður Kópavogsdal, um Kársnes og tengist inn á frárennsliskerfi Reykjavíkur í Fossvogi. Aðrennslislagnir safna skolpi frá húsum á þeirri leið. Afrennsli af húsþökum hins vegar ásamt hluta lóða og af gatnakerfi er veitt í „drenkerfi“ bæjarins sem víða opnast í Kópavogslæk.

Áhættupættir.

Leysiefnaríkt skolp getur valdið lyktarvandamálum í húsum og mengað drenvatn tilheyrandi mengun í lækjum og þá að lokum í sjó.

Umhverfishávaði frá atvinnustarfsemi getur valdið verulegu ónæði í sínum umhverfi og þá ekki síst þar sem lóðir iðnfyrirtækja eru litlar og einnig þar sem fleiri en einn lögaðili samnýta sömu lóð og byggingu.

Ábendingar og athugasemdir HHK við greinar í kafla um vatn. Úr drögum að starfsleyfi, undirstrikanir eru HHK.

VATN

3.6 Vatnsnotkun

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er.

3.7 Skólp og frárennslu

Notuðum leysiefnum skal safnað saman í ílát og afhent til móttökustöðvar eða eimingar. Skólp frá hreinlætisaðstöðu og mótnueytí verksmiðjunnar skal leitt sér í frárennsliskerfi sveitarfélagsins. Vatn frá skolun og þrifum á málningarpottum og niðurföllum í verksmiðju skal forhreinsað áður en því er veitt í safnræsi eða til skólphreinsistöðvar. Frárennsli úr framleiðslu og hreinsun skal leitt í gegnum tveggja hólfu setþró (fellitanka) og skal seti úr fremra hólfu dælt reglulega upp í samráði við eftirlitsaðila.

Hreinsunin skal framkvæmd af viðurkenndum aðila og frá úrganginum gengið skv. skilyrðum í gr. 3.11-3.12.

3.8 Olíuskilja

Frárennsli frá opnum niðurföllum úr þróm birgðatanka, útiporti og áfyllingarplani skal leitt í olíuskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 035/1994. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Skrá skal sérstaklega í rekstrarhandbók alla vinnu við olíuskiljur og



varnarþrær, þar með talið hvenær opnað, lokað, viðhald búnaðar og þess háttar. Þá skal fylgjast með uppsöfnun í olíuskiljur, tæma þær ef á þarf að halda og frá úrganginum gengið skv. skilyrðum í gr. 3.11-3.12.

3.9 Kælivatn og regnvatn

Kælivatni, regnvatni úr niður föllum á lóð, öðrum en tiltekin er í grein nr. 3.7 skal veitt í safnræsi eða til skólphreinsistöðvar.

3.10 Frágangur hráefnistanka fyrir lífræn efni

Frágangur á geymum og lögnum skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 035/1994 um varnir gegn olíumengun frá landi. Teikningar frágangur og mengunarvarnir skulu samþykktar af Umhverfisstofnun. Ef leki kemur að tanki skal tryggt, t.d. með lekavarnarþró að efni sem lekur út fari ekki í frárennsli, en verði endurnýtt eða fargað sem málningar- eða leysiefnaúrgangi.

Tilvitnun í drög að starfsleyfi lokið.

Athugasemd 1. Varðar texta sem er undirstrikaður

Nauðsynlegt er að lagfæra orðalag og gæta að samræmingu. Það verður að koma skýrt fram að allt frárennsli sem getið er um í grein 3.7. á að fara í holræsakerfi (-skolpkerfi-) bæjarins.

Fráveitukerfið utanhúss við Dalveg er tvöfalt. Lagnir frá húsum og frá svæðum utanhúss sem er undir á lagi, s.s. afrennsli frá olíuskiljum og öðrum búnaði fer í holræsakerfi bæjarins (sem flytur skolp frá Kópavogsbæ í skolphreinsistöðina í Ánanaustum).

Almennt gildir að ofanvatn af þökum, lóðum, götum og almennum bílastæðum fer í drenkerfið sem er að stórum hluta leitt í nærliggjandi læk, Kópavogslæk. Hvort ástæða sé til að taka fram hvert vatn sem greint er frá í grein 3.9 verður leitt er ákvörðun leyfishafa.

Athugasemd 2

Óskað er eftir lagfæringu á orðalagi.

Taka þarf mun skýrar fram að þegar dælt er úr olíugildru eða setþró á að fara með allt innihald í viðurkennda förgun.

Áhættumat fyrirtækisins nær til mengunar haf og stranda. Niðurstöður þess eru m.a. að „bæjarfélagið er með hreinsistöð áður en úrgangur kemst til sjávar eða stranda“ og að „vegalengd til sjávar frá starfseminni sé rúmlega 2km í loftlinu“. „Niðurstaða matsins er viðunandi og því er ekki þörf á úrbótum eða viðbragðsáætlun“ og „að viðbragðsáætlun er óþörf“. Þrjár athugasemdir eru gerðar við nálgun í áhættumati;

1. Áhættumat fyrir efnaverksmiðju (framleiðsla á málningu og skyldum efnum) ætti að ná til fleiri þátta en eingöngu til hugsanlegra mengunar hafs og stranda.

2. Skophreinsistöðin er tekur við fráveitu –skolp- vatni frá Kópavogi er í Ánanaustum og er með einsþepa hreinsun. Slik hreinsun fangar ekki vatnsupplysanleg efni eða leysiefni sem geta borist frá efnavöruframleiðslu ef illa tekst til.

3. Fráveitulögnin frá Dalvegi liggar niður Kópavogsdal og inn á hana tengjast fjöldi hliðargreina. Berist rokgjörn leysiefni út í fráveitukerfið getur það valdið ólyktarvanda í húsum á stóru svæði.

Í greinum 3.7 og 3.8 þurfa að koma skýr;

1. ákvæði um að ef í ljós komi við reglubundna skoðun að lyktarsterk efni hafi farið í tveggja hólfa setþróna þá skuli hún tæmd og innihaldinu fargað í samræmi við fyrirmæli leyfisgjafa.
2. ákvæði um förgun á seti og öðrum föstum efnum úr setþró.
3. ákvæði um að olíugildran skuli reglulega tæmd og innihaldinu fargað í samræmi við fyrirmæli leyfisgjafa.

4. ákvæði um að staðfestingar á hvenær olíugildra og setþró hafa verið tæmdar skulu ávallt vera aðgengilegar eftirlitsaðila sem og hvaða viðurkenndi aðili annaðist verkið, hvað mikið var fjarlægt, hvar viðkomandi efnun var fargað ásamt staðfesting móttökuaðila.

Það er þekkt að leysiefnalykt, ólyktarmengun úr fráveitu, getur valdið verulegu ónæði í húsnaði. Fyrirtæki eins og Málning hf. sem notar mikið af lyktarsterkum efnunum og leysiefnum þarf að geta sýnt fram á með skýrum ákvæðum í starfsleyfi og skjalfestu góðu verklagi að það sé hafið yfir allan grun um að það valdi slíkum vanda þegar vart verður við ólyktarmengun úr fráveitunni.

Ábendingar og athugasemdir HHK við grein 3.13. Úr drögum að starfsleyfi, undirstrikanir eru HHK.

Hávaði og titringur (gr. 3.13)

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá verksmiðjunni eins og kostur er, til dæmis með regluglegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III í viðauka og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAeq á athafnasvæði og einnig skal hávaði vera undir öðrum mörkum í töflu III í viðaukanum í reglugerðinni eftir því sem við á (sbr. 5. gr. reglugerðarinnar).

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni sbr. 1. málgrein:

- yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna,
- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

Tilvitnun í drög að starfsleyfi lokið.

Athugasemd 3. Varðar texta sem er undirstrikaður.

Það er farið fram á að undirstrikaði hluti greinarinnar verði felldur út. Ákvæðið skerðir rétt nærliggjandi starfsemi.

Varðandi hávaða þurfa kröfur að vera til verndar annarri starfsemi á sömu lóð sem er málningarverksmiðjunni óviðkomandi. Svæðið er skilgreint sem svæði verslunar og þjónustu enda er þar einnig staðsett verslun, þjónustufyrirtæki og stjórnsýsla. Aðgæslureglar reglugerðar um hávaða verður að koma fram í starfsleyfinu. Lóðina verður því að skilgreina sem almannafæri sbr. reglugerð nr. 724/2008.

Samkvæmt ákvæðum 15. tl. 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum kemur fram að viðmiðunarmörk fyrir hávaða og titring skuli taka mið af umhverfi.

F. h. heilbrigðiseftirlits


Páll Stefansson
Páll Stefansson
heilbrigðisfulltrúi